



# Maðurinn sem Elskar Tónlist

Reykjavík, mars 2022

## Bæjarstjórn | Reykjanesbær

Við erum er að vinna að undirbúningi heimildamyndar í fullri lengd sem ber titilinn „MAÐURINN SEM ELSKAR TÓNLIST“ Hún fjallar um ævi og störf tónlistarmannsins Þóris Baldurssonar. Þórir hlaut heiðursverðlaun Íslensku tónlistarverðlaunanna 2011 og á nýársdag 2013 var hann sæmdur riddarakross fyrir framlag sit til íslenskrar tónlistar. Heimildamyndin hefur nýverið hlotið styrk frá Kvikmyndamiðstöð Íslands og frá Kópavogsbæ.

Þórir er 77 ára gamall í dag og er að hluta til sestur í helgan stein. Hann gerir við gömul Hammond-orgelhljóðfæri í frítíma sínum. Hlutverk hans er að ferðast í gegnum heimildamyndina og fara á kunnuglega staði, þar sem að hljóð framtíðartónlistarinnar „DISCO“ átti sér stað fyrir tæpum fimmtíu árum. Hann mun finna gamla vini sína og samstarfsmenn úr tónlistarbransanum. Þeir munu kannski stofna nýja hljómsveit, ef til vill semja fá ný lög, auk þess að halda síðustu tónleikana sína saman?

Við fylgjumst líka með Þóri frá unga aldri þegar hann var barn í Keflavík og byrjaði að fylgja föður sínum á staðbundnum dansleikjum, þá tíu ára gamall á píanó þegar að tónlistin tók hann upp í jötu sína og gerði hann að tónlistarmanni. Hann stofnaði sína fyrstu hljómsveit 12 ára gamall.

Í heimildamyndinni verða bæði ný og gömul viðtöl við Þóri, gamla starfsfélaga, vini hans hér heima og erlendis, auk fjölda annara atvika allt frá 1957 til dagsins í dag. Þórir fór í mánaðarlanga vinnuferð til Finnlands í byrjun áttunda áratugarins, en örlögin höguðu því svo að hann starfaði erlendis næstu árin. Hún byrjaði á Norðurlöndum, en fór þaðan til Þýskalands og endaði í Bandaríkjunum.

Meðal þeirra sem að koma fram í heimildamyndinni og tengjast Þóri á einn eða annan hátt eru Savanna tríóið, Dátar, Hljómar, Heiðursmenn, Ævintýri, Þrjú á palli, Nilsmenn, Nina Lizell, Lee Hazlewood, María Baldursdóttir, Abba, Amol Duul, Frank Farian, Boney M, Rolling Stones, Georgio Moroder, Donna Summer, Twiggy, Tom Moulton, Grace Jones, Elton John, Pete Bellotte, Gaz, SalSoul Records, Grandmaster Flash, lagahöfundar, útsetjarar, tónlistarframleiðendur, hljóðverseigendur, ættingjar, gamlir vinir og margir fleiri. Sýnd verður saga Þóris á bak við tónlistarefnið, fjallað verður um aðferðafræðina og hvernig galdurinn gerðist sem smellpassaði í þróun þessa tónlistartímabils sem að leiddi út frá sér Disko, síðar Break, Rap og Hip Hop tónlist. Enn í dag hefur þessi tónlist mjög mikil áhrif á fólk á skemmtilegan og tilfinningalegan hátt um allan heim. Það verður alltaf til fólk sem vill dansa og njóta góðrar tónlistar. Það er bara dásamlegt.

FJÖRTÍU ÞÚSUND SJÖTÍU OG FJÓRIR KÍLÓMETRAR, ehf er aðalframleiðandi frá Íslandi.

Heimildamyndin hefur mikið framleiðslu og dreifingar möguleika vegna alþjóðlegs innihalds.

Áætlað er að hún verði meðframleiðsla á milli Íslands, Svíþjóðar, Litháens og Þýskalands. Við gætum líka leitað til kvikmyndafyrirtækja frá Danmörku, Noregi, Finnlandi, Bretlandi og Bandaríkjunum vegna þess að hluti af sögunni gerist þar líka. Við teljum að það verði hægt að fjármagna að fullu úr kvikmyndasjóðum í þeim löndum, Skandinavíu og í Evrópu haustið 2022 fyrir framleiðslu hennar. Það eru markmið okkar að frumsýna heimildamyndina „MAÐURINN SEM ELSKAR TÓNLIST“ um vorið 2024.

Hér með er þessa farið á leit við Reykjanesbæ um að styrkja verkefnið að upphæð ISK 1.000.000,- sem að munu fara í undirbúning, efniskaup og ýmsa aðra þjónustu við gerð heimildamyndarinnar.

Það verður efnt til kynningarstarfs í tengslum við myndina þar sem stuðnings Reykjanesbæjar verður getið sem eins af styrktaraðilum. Nákvæm kynning á verkefninu fylgir í skjölum, ásamt efnisútdrætti og sýnishorni af handriti á ensku, auk sem forráðamenn þess eru til þess búnir að láta í té allar upplýsingar sem taldar eru nauðsynlegar sé þess óskað.

Virðingarfyllt  
fh. FJÖRTÍU ÞÚSUND SJÖTÍU OG FJÓRIR KÍLÓMETRAR, ehf

Ksenija Sigmarsson  
framleiðandi

Jóhann Sigmarsson  
handritshöfundur  
leikstjóri